

Umhverfisstofnun
Áb. <u>BS</u> <u>HJ</u>
05 MAI 2004
<u>54.6</u>
Tilv. <u>UST20040500011</u>

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



U S T

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun, Hagkerfi 24, 101 Reykjavík

Netfang: ust@ust.is

Netfang: ust@ust.is

Netfang: ust@ust.is

Netfang: ust@ust.is

Netfang: ust@ust.is

Netfang: ust@ust.is

4. maí 2004

Tilvísun: UST20040500011/bs

Vatnsveita í Grábrókarhrauni

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 7. apríl sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Framkvæmd

Fyrirhuguð vatnsveita í Grábrókarhrauni felur í sér borun þriggja vinnsluhola, lagningu vegslóða og gerð borplana, upptöku grunnvatns (60-70 l/s), byggingu dælustöðvar og uppsetningu girðingar umhverfis brunnsvæði. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að þar sem rannsóknum er ekki lokið liggja ekki fyrir staðsetning mannvirkja vegna vatnsveitunnar. Miklar líkur séu hins vegar á að staðsetning borsvæðis verði innan svæðis 1 eða 2 sem sýnd eru á kortum með tilkynningu um framkvæmdina.

Umhverfisstofnun telur að velja beri svæði 2 ef rannsóknir sýna að um tvo jafn góða kosti er að ræða, enda liggur það svæði nær þjóðvegi og girðingarstaði norðvestan þjóðvegar, auk þess sem nýlagning vegar að borsvæði verður styttri.

Verndarsvæði

Fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá, þ.e. svæði nr. 210 Grábrókarhraun og Hreðavatn. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt í skránni:

Grábrókarhraun og Hreðavatn, Borgarbyggð (áður Norðurárdalshr. og Stafholtstungnahr.), Mýrasýslu. (1) Grábrókarhraun norðan hreppamarka allt austur að Bjarnardalsá og Norðurá, ásamt Hraunsey og fossinum Glanna. Hreðavatn allt og suðurhlíðar Setmúla milli Kiðár og Brekkúár. (2) Fjölbreytt og fagurt umhverfi, fjölsótt útivistarsvæði. Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer í Brekkúargili, Hestabrekku og Þrimilsdal.

Grábrókarhraun er einnig jarðmyndun sem fellur undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en jarðmyndanir sem falla undir 37. gr. laganna skulu njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Þá er Grábrókarhraun skilgreint sem hverfisverndarsvæði í svæðisskipulagi Mýrasýslu. Í greinargerð skipulagsins segir m.a. að á svæðinu njóti birkikjarr og -skógur verndar.

Umhverfisstofnun telur ljóst að Grábrókarhraun hefur mikið verndargildi, sbr. umfjöllun hér að framan. Hrauninu hefur nú þegar verið raskað með ýmsum framkvæmdum og ætti að forðast að raska því frekar en orðið er. Gert er ráð fyrir að rask á hrauninu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar verði í mesta lagi 1.000 fermetrar ef miðað er við líklega staðsetningu mannvirkja. Hægt er að nýta að nokkru leyti það svæði sem nú þegar hefur verið raskað, þ.e. að hluta til núverandi slóða um hraunið sem aðkomuleið að borsvæðum. Einnig mætti nýta girðingarstæði eða hluta veghelgunarsvæðis fyrir stofnæð.

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa nokkur sjónræn áhrif í för með sér á það svæði sem er á náttúruminjaskrá og njóta skal sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd en að ekki sé um umtalsverð áhrif að ræða. Stofnunin telur þó mikilvægt að þau svæði sem nú þegar hefur verið raskað verði nýtt undir mannvirki eins og kostur er og að dregið verði eins mikið úr frekari röskun á hrauninu og unnt er.

Vatnsverndarsvæði

Samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila er áformað vinnslusvæði innan þeirra marka sem skilgreind eru sem vatnsverndarsvæði (grannsvæði) í svæðisskipulagi Mýrarsýslu. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að ekki liggi fyrir hvort girt verði umhverfis brunnsvæði vatnsveitunnar en ákvörðun um slíkt verði tekin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

Umhverfisstofnun telur að ef girt verður umhverfis brunnsvæðið beri að gæta þess að standa þannig að framkvæmdum að þær hafi sem minnst rask í för með sér, s.s. með vali á tækjum/aðferðum og að ekki verði sléttað hraun undir girðinguna.

Upptaka grunnvatns

Samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina er ráðgert að upptaka vatns verði 60-70 l/s og að árleg upptaka verði á bilinu 650 til 700 þús. rúmmetrar á ári. Alls er áætlað að grunnvatnsstraumar í hrauninu séu á bilinu 700-800 l/s.

Miðað við framangreint er ekki líklegt að upptaka vatnsins hafi umtalsverð áhrif á vatnsbúskap svæðisins.

Gróður

Samkvæmt gróðurúttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands er gróðurþekjan á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eins samfelld og hún getur orðið í úfnu hrauni. Fjögur gróðursamfélög er að finna á svæðinu og eru þau öll algeng á landsvísu. Birkikjarr er að finna á framkvæmdasvæðinu. Úttekt á tegundafjölbreytni plantna hefur ekki verið gerð en vitað er að tvær sjaldgæfar plöntutegundir sem eru á valista hafa fundist í næsta nágrenni þess, þ.e. ferlaufungur og brókarhverfa. Samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina telur Náttúrufræðistofnun Íslands nauðsynlegt að sérfræðingur gangi úr skugga um að fyrnefndar válistategundir séu ekki til staðar á framkvæmdasvæðinu eða í næsta nágrenni þess, þegar framkvæmdasvæðið hefur verið afmarkað nánar. Einnig ber að forðast að skerða um of ásýnd samfelldrar breiðu mosapembunnar á framkvæmdasvæðinu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tekið verði tillit til úttektar á gróðri við endanlega staðsetningu á borsvæði vegna vatnstökunnar. Jafnframt tekur Umhverfisstofnun undir það álit Náttúrufræðistofnunar Íslands að forðast beri að raska samfelldu birkikjarri við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Fuglar

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að ekki hefur farið fram sérstök athugun á fuglalífi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Að mati framkvæmdaraðila er ólíklegt að framkvæmdir hafi veruleg áhrif á fuglalíf þar sem framkvæmdasvæðið er mjög afmarkað. Þar sem ekki hefur farið fram úttekt á fuglalífi er ekki ljóst hvaða tegundir er að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á fuglalíf enda er óraskað svæði sem fer undir mannvirki fremur takmarkað og ólíklegt að það hafi meira gildi fyrir fuglalíf en næsta nágrenni þess. Stofnunin telur þó mikilvægt að öllu jarðraski verði haldið í lágmarki.

Efnistaka

Fram kemur í tilkynningu um framkvæmdina að efnistaka verði öll utan verndarsvæða en efnisþörf er áætluð 150-200 rúmmetrar. Ekki kemur fram hvar efni verður tekið til framkvæmdarinnar.

Umhverfisstofnun minnir á að ef um nýjan efnistökuastað er að ræða skal leggja fram áætlun um efnistöku áður en framkvæmdaleyfi er veitt, sbr. VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Stofnunin leggur áherslu að ekki verði tekið efni úr jarðmyndunum sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd.


Hljóðvist


Samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina hafa ekki verið gerðar sérstakar mælingar á hljóðvist vegna borunar fyrirhugaðra vinnsluhola og rekstur vatnsveitu. Fram kemur að hljóðstig borholuhúss í Reykjavík, sem keyrir hávaðasamari dælur en hér um ræðir mælist 33 dB(A) í tíu metra fjarlægð frá húsi. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð áhrif hvað þennan þátt varðar.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd eins og henni er lýst í gögnum framkvæmdaraðila muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,


Björn Stefánsson


Helgi Jónsson